



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldin á zoom þann 9. Mars 2022

Fundur hófst: 20:00

Fundi slitið: 23:20

**Fundinn sátu:** Arnar Þór Stefánsson (APS), Markús Elvar Pétursson (MP), Daníel Kristinn Pétursson (DKP), Helga Veronica Foldar (HVF) og Rán Pétursdóttir (RP)

Funargerð ritaði: RP

### Dagskrá

#### 1. Greiða atkvði um fundargerðir

- Fundargerð stjórnarfundar 09.03.2022 samþykkt.

#### 2. Undirbúningur 6. Bekkja heimsókna

- Markús er búinn að hafa samband við Pétur Th. sem hefur séð um heimsóknirnar síðustu 13 árin. Hann er til í að taka þetta að sér aftur en þetta hefur gengið rosalega vel með 100% mætingu undir hans stjórn.
- Markús talar við Kristínu á morgun varðandi þátttöku skóla í kostnaði. Skólastjórnendurnir sendu sumir ekki stuðningsfulltrúa með bekkjunum vegna trausts til félagsmanna Þyts. Við þurfum að skaffa allaveganna 2 manneskjum í vinnu í 2-3 tíma með 4.000,- á tímann svo miða þarf verðið við það en einnig er hægt að bjóða upp á 3 manneskjuna fyrir hærra gjald.
- Gott væri ef þetta væri partur af þjónustusamningi en það mældist ekki vel hjá Kristínu. Í núverandi þjónustusamningi erum við með 30 klst en þetta er að sjálfsögðu margfalt umfram það svo best væri að fá þetta inn í þjónustusamninginn.

#### 3. Kaup á RS-Zest og RS-Venture

- RS-Zest einfaldur kennslu bátur, ætlaður fyrir sumarnámskeið og opin hús. Rekstrarlega ódýrari en Topper Topas báturinn en dýrari í innkaupunum. Það er betri mótun á seglinu á RS- zest og það er auðveldara að taka seglið niður á þeim svo krakkar geta gert það út á sjó. Eftir ítarlega kynningu var ákveðið að ákveðið að kaupa 6 x RS Zest samkvæmt tilboði frá Batti ehf. og halda 3 x topper topaz bátum
- RS-Venture eftir að hafa skoðað bátinn á RYA kænusýningin þá kom í ljós að það hentar ekki að taka RS-Venture bátinn í báðum útfærslum þar sem að það er mikil vinna að svissa á milli útfærsla. Ákvörðun tekin um að taka RS-Venture bátinn í útfærslunni sem hentar fyrir sumarnámskeiðin og fá lánaðan bát frá Nökkva sem hentar sérstaklega til þess að sigla með fólk með sérþarfir í kjölfarið verður tekin ákvörðun um hvort kaupa eigi slíkan bát.

#### 4. Kaup á laser bátum

- Hafnarfjarðarbær styrkti þessi kaup um 2 milljónir. Kostnaðurinn er 1,2 milljónir samkvæmt tilboði fyrir útbúinn bát ásamt flutningskostnaði. Ákvörðun tekin um að Markús haldi þessum umræðum áfram og tali við fleiri söluaðila en stefnum á að kaupa 4 báta fyrir klúbbinn



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

### 5. Endurnýjun tveggja handtalstöðva og föst stöð í Valiant 500 Sport

- Skoðuðum bæði handtalstöðvar sem eru með usb og valkostinn að kaupa 2 x notaðar handtalstöðvar eins og við erum með sem hlaðnar eru í dokkum af Markúsi. Ákvörðun tekin um að láta föstu talstöðina duga í þetta sinn og meta þörfina á að bæta við handtalstöðvum þegar reynsla er komin á það.
- Föst talstöð fyrir Valiant 500 Sport ákveðið að kaupa 1 þannig frá icom. Kostnaðurinn inni á svb á gengi dagsins í dag 60.000,- án skatts og tolla.

### 6. RYA kænusýning, Markús segir frá

- Skoðaði RS bátana – farið yfir í lið 3 ásamt fullt af öðrum áhugaverðum bátum.
- Markús talaði fyrir því við hina klúbbana að hafa RS 21 eða SB20 sem standard keppnisbáta fyrir klúbbana við góðar undirtektir hjá hinum klúbbunum.
- Komst í kynni við fólk sem sérhæfir sig í siglingum fólks með sérþarfir og við getum leitað frekar í þeirra reynslubrunn ef okkur vantar upplýsingar fyrir frekari framþróun í okkar starfi á því sviði.

### 7. Leit að þjálfara fyrir klúbbinn

- Umræðum um leit að þjálfara haldið áfram. Verksvið sem falla myndu undir starf þjálfra eru meðal annars að koma í stað Markúsar sem yfirþjálfari í barnastarfinu. Þjálfar á sumarnámskeiðinu með stöðu flokkstjóra. Einnig getur hann komið inn í þjálfum á kjölbátum.
- Markús hafði einnig samband við Háskólan og það er hægt að auglýsa til áhugasamra nemandna við íþróttabraut og tólmstunda- og félagsmálafræði. Einnig hægt að hafa samband við HR og mögulega Bifröst í sama tilgangi.

### 8. Mál ákveðins félagsmanns og framkoma

- Niðurstaðan sú að setjast aftur niður með Friðriki á fund sem fyrst og fara yfir málin.

### 9. Staðan á stofnun foreldraráðs og hlutverk foreldraráðs

- Búið að stofna foreldraráð og fyrsti fundur foreldraráðs er á föstudaginn næsta.
- Hlutverk foreldraráðs er skilgreint af stjórn og nánari útlistun á því er í vinnslu hægt að nýta upplýsingar frá öðrum íþróttafélögum í þá stefnumótun.
- Ákveðið að formaður foreldraráðs hefur seturétt og umræðurétt á stjórnarfundum en foreldraráð mun sjá um að útnefna formann.

### 10. Sorphirðumál

- Markús langt kominn með að vinna í þessu. Komnir límmiðar á tunnurnar. Endurnýja eina tunnu og lok í réttum litum. Það verða þá tunnur undir pappírþurkur á klósettum, tunna undir dósir og flöskur í andyri, pappírstunna lítil inni á skrifstofu og flokkunartunnur inni í sal.

### 11. Kynning á verklegu skemmtibátanámi 12. mars

- MP mætir á þessa kynningu og kynnir það sem við bjóðum upp á í verklegu skemmtibátanámi.



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

- b. Kynnir að við erum með 4 daga hæfur háseti námskeið og 5-6 daga undirbúningsnámskeið fyrir verklegt próf. Markús býður einnig upp á námskeið á bátum sínum í að manúvera stærri báta í nafni Þyts.
- c. Fyrirkomulagið á námskeiði Siggi við tækniskólann er að bjóða upp á 3 misundi leiðir
  - a) Kaupa ítarlegt nám af tækniskólanum
  - b) Kaupa námsefnið
  - c) kaupa sig bara inn í prófið. Þarna er tækifæri til að bjóða upp á lotur hjá okkur fyrir þá sem velja liði b) og c) og ákvörðun tekin um að kanna möguleikan á því hjá okkur.

### 12. Sjómannadagurinn, undirbúningsfundur 26. Apríl

- a. Við höfum boðið upp á kayakróður og árabátana á sjómannadaginn. Það sem hefur verið markmiðið okkar er að vera með Secret bátana úti á legufærum og bjóða upp á siglingar á þeim. Við stefnum að því að bjóða upp á það sama í ár ásamt SUP.

### 13. Önnur mál

- a. Rætt um girðingamál.
- b. Framhaldsaðalfundur ræddur.
- c. Sportabler – lítur út fyrir að við þurfum að kaupa aðgang að sportabler. Markús hefur samband við Sportabler til að fá einhvers konar aðgang og skoða hvort það er eitthvað sem við þurfum að kaupa.

Næsti fundur boðaður 23. Mars 2022.